



Reykjavík, 17. september 2020
BSS20030001
20.6

Skipulags og Samgönguráð
Borgartún 12-14

105 Reykjavík

Tillaga um aukna gjaldskyldu á bílastæðum á lóð Landspítala í Fossvogi

Lagt er til að skipulags- og samgönguráð samþykki með tilvísun í 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 eftirfarandi:

Að almenn bílastæði austan við Landspítalann í Fossvogi, sem sýnd eru á meðfylgjandi korti, verði gerð gjaldskyld og að svæðið verði skilgreint sem gjaldsvæði 4 með gjaldskyldutíma virka daga frá 8-16.

Greinargerð:

Með bréfi, dags. 2. mars 2020, óskaði Landspítalinn eftir því við Bílastæðasjóð Reykjavíkur að fjölga gjaldskyldum bílastæðum, vegna aukin álags á spítalann, með því að gjaldskylda verði sett á stæði austan megin við spítalann, við húð- og kynsjúkdómadeild spítalans. Á lóð Landspítalans í Fossvogi eru nú þegar tvö svæði með gjaldskyldum bílastæðum og eru þau staðsett vestan megin við spítalann. Austan megin við spítalann er húð- og kynsjúkdómadeildin í sjálfstæðri byggingu og því langur gangur frá gjaldskyldum stæðum vestan megin inn á deildina. Gjaldskylda austan megin við spítalann yrði til þess fallin að mæta þörfum sjúklinga og aðstandenda þeirra um bílastæði nærri inngöngum spítalans.

f.h. skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar,

Vigdís Þóra Sigfúsdóttir,
lögfræðingur

Hjálagt:

Afrit af bréfi Landspítala, dags. 2. mars 2020

Afrit af teikningu frá 3. mars 2020 og var send með tp.

Reykjavík 2. mars 2020


Bílastæðasjóður Reykjavíkur
BT. Kolbrún Jónatansdóttir
Borgartún 12-14,
105 Reykjavík

Efni. Ósk um fjölgun gjaldskyldra bílastæða á lóð Landspítala í Fossvogi.

Landspítalinn óskar eftir því við Bílastæðasjóð að gjaldskyld bílastæði á lóð spítalans, í Fossvogi, verði fjölgað, í samræmi við samning milli aðila, vegna aukins álags á spítalann. Á lóð spítalans í Fossvogi eru fyrir tvö svæði með gjaldskyldum bílastæðum vestan megin við spítalann. Austan megin við spítalann er húð- og kynsjúkdómadeild í sjálfstæðri byggingu. Langur gangur er því frá gjaldskyldum stæðum vestan við spítala inn á deildina.


Til að mæta þörfum sjúklunga og aðstandanda þeirra, um bílastæði nærri inngöngum spítalans, er það ósk Landspítala, að Bílastæðasjóður setji gjaldskyld bílastæði við húð- og kynsjúkdómadeild eins og sýnt er á myndum á næstu síðu þessa bréfs. Óskað er eftir því að gjaldskrá P4, gildi fyrir bílastæðin. Enn fremur er óskað eftir því að þessi breyting verði unnið í samráði við Landspítalann, til að tryggja að upplýsingagjöf um fyrirhugaðar breytingar skili sér til sjúklunga, aðstandenda þeirra, nema og starfsfólks spítalans, áður en gjaldskylda hefst.

Virðingafyllst,



Helgi Björn Ormarsson

Verkefnastjóri – Fasteignadeild LSH



Mynd 1. Nýtt gjaldskyld bílastæði í Fossvogi.



Mynd 2. Ný gjaldskyld stæði sýnd á Borgarvefsjá, fyrir gjaldskyldu.

Ný gjaldskyld bílastæði í Fossvogi

